Klifurþing KÍ
Kl.19:30, 25. mars 2026
Hús ÍSÍ, Engjavegi 6, Reykjavík
Þingforseti: Marínó Eggertsson
Fundarritari: Bjarnheiður Kristinsdóttir

1. Þingsetning.
Benedikt Ófeigsson formaður KÍ setti þingið og ræddi um mikinn og hraðan vöxt klifuríþróttarinnar og mikilvægi þess að byggja upp aðstöðu til framtíðar. 19 voru mætt.

2. Kosning þingforseta.
Benedikt leggur til að Marínó Eggertsson verði þingforseti. Samþykkt.

3. Kosning þingritara.
Marínó leggur til að Bjarnheiður Kristinsdóttir verði fundarritari. Samþykkt.

Að því loknu tilkynnir Marínó lögmæti fundarins. Fundur var auglýstur 23. febrúar 2026 og í kjölfarið tvenn fundarboð líkt og lög gera ráð fyrir.

4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
Harpa Þórðardóttir, Benjamin Mokry og Laufey Rún Þorsteinsdóttir bjóða sig fram í Kjörbréfanefnd. Samþykkt.

5. Ávörp gesta.
Gestur þingsins var Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ. Hann færði þinginu þakkir fyrir framlag í þágu klifurs, íþrótta, lýðheilsu og forvarna og minnti á mikilvægi þess, ekki síst nú á tímum þegar æ erfiðara er að fá fólk með í sjálfboðastarf og þegar áskoranir mæta ungu fólki í velmegunarsamfélagi sem þróast ört og fylgir mikið áreiti. Willum sagði að tekið væri eftir gríðarlegum vexti í íþróttinni og nánast fimmföldun iðkenda á stuttum tíma sem ekki er sjálfgefið nú þegar valmöguleikum fólks um tómstundir hefur fjölgað mikið. Hann tók undir orð formanns um aðstöðuleysi og þakkaði fyrir mikilvægt starf sem formaður vinnur með því að leggja áherslu á klifurvegg inn í þjóðarhöll og að vinna að framtíðarhúsnæði - þessi mál hafi ÍSÍ stutt og muni halda áfram að styðja. Willum hafði fylgst með úrslitum í klifri og sagði heillandi að sjá hvernig tækni, samhæfing, kraftur og strategía koma saman í mjög áhorfendavænni íþrótt og magnað að sjá hve hratt næst árangur. Nú sé stefnt á Ólympíuleika í Los Angeles og það út af fyrir sig sé stórkostlegt markmið að eiga. Til viðbótar við afreksstarf nefndi Willum hve mikilvægt sé að öll finni sína fjöl og að bjóða upp á fjölbreytt íþróttastarf til að koma til móts við sem flesta hópa og að klifur sé sannarlega hluti af því. Rannsóknir sýni að sú eina króna sem fer í íþróttastarf geti skilað sér fjórfalt til fimmfalt til samfélagsins, eftir því hvað mælt er. Loks ítrekaði Willum þakkir fyrir ósérhlífið og ómetanlegt framlag við uppbyggingu klifuríþróttarinnar á Íslandi.

6. Álit kjörbréfanefndar.
Harpa Þórðardóttir formaður Kjörbréfanefndar kynnti álit nefndarinnar. Nefndinni bárust tvö kjörbréf og voru bæði tekin gild.

Fulltrúar með atkvæði sem mætt voru á fundinn komu frá eftirfarandi félögum:

- Fimleikafélagið Björk, 312 iðkendur, 9 fulltrúar:
    - Elísa Berglind Ægisdóttir (9 atkvæði)
- Klifurfélag Reykjavíkur, 2450 iðkendur, 52 fulltrúar:
    - Hilmar Ingimundarson (12 atkvæði)
    - Benjamin Mokry (10 atkvæði)
    - Ástrós Jensdóttir (10 atkvæði)
    - Alexander Ólafsson (10 atkvæði)
    - Valdimar Björnsson (10 atkvæði)

Frá eftirfarandi félögum bárust ekki kjörbréf:

- Klifurfélag Vestfjarða 119 iðkendur, 5 atkvæði
- Klifurfélag ÍA 83 iðkendur, 5 atkvæði
- Kraftlyftingafélag Akureyrar 79 iðkendur, 5 atkvæði
- Klifurfélag Öræfa 71 iðkendur, 4 atkvæði

7. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Formaður Benedikt Ófeigsson kynnti skýrslu stjórnar (sjá fylgiskjal).
Benedikt þakkaði Friðrik Má Baldurssyni fráfarandi formanni sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Fjöldi félaga vex um 30% á ári og þar aðallega um að ræða börn og fólk um eða upp úr tvítugu sem skiptir um íþrótt en klifuríþróttin státar yfir breiðu aldursbili iðkenda. Nú er búið að koma fyrir keppnisvegg í húsnæði Fimleikafélagsins Bjarkar sem hefur aukið sýnileika og gert að verkum að hægt var að senda tvær beinar útsendingar af mótum á RÚV og Sýn sem heppnuðust mjög vel. Árið 2025 opnaði stór og glæsilegur klifursalur á Akureyri. Þar er um að ræða virkilega glæsilega aðstöðu og vonast formaður til að bjóða 600 klifur á akureyri velkomin í Klifursambandið á næstunni. Langstærsta framtíðarverkefnið í húsnæðismálum er Toppstöðin í Elliðaárdal og unnið að því að þar verði þjóðarvettvangur klifurs með aðstöðu sem er boðleg til að halda alþjóðleg mót á vegum World Climbing (áður IFSC). Benedikt fór yfir námskeiðsmál hjá sambandinu en það er mikilvægt að halda námskeið fyrir dómara, þjálfara og leiðarsmiði. Meðal námskeiða er Klifurþjálfari 1 sem hófst í haust og mun ljúka núna í vor en þar taka þátt þjálfarar frá þremur félögum og einn frá Akureyri. Virtur þjálfari frá Bretlandi var fenginn til að halda námskeið fyrir afreksþjálfara og námskeið fyrir leiðarsmiðið haldin með styrk frá Alþjóða Ólympíusambandinu. Einnig voru haldin dómaranámskeið og þar helst að nefna að einn reyndasti og virtasti dómari Norðurlanda kom á Reykjavíkurleika og hélt námskeið fyrir dómara auk þess að taka út mótið sjálft og veita endurgjöf.
Svana Bjarnason var valin kvenklifrari ársins 2025 en hún einblíndi á línuklifur á árinu og náði besta árangri Íslendings á móti með því að landa 30. sæti á heimsmeistaramóti. Guðmundur Freyr Arnarson var valinn karlklifrari ársins 2025 og keppti bæði í línuklifri og grjótglímu með góðum árangri. Mikil áhersla í uppbyggingu afrekshóps er á þátttöku á Evrópumótum og að koma ungmennum í þá stöðu að líða vel í keppni og sýna styrk sinn undir því álagi sem óneitanlega getur skapast á alþjóðlegu sviði. Keppendur eru nú orðin vel samkeppnishæf og komast í úrslit á mótum og hafa komist á pall á mótum á Norðurlöndum.

Ekki má gleyma paraklifrinu. Gauti Stefánsson tók þátt í stórmóti í klifri fatlaðra í ár í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra. Við vonumst til að fordæmi Gauta dragi að fleiri iðkendur og sýni þeim sem eru fötluð að klifur er líka fyrir þau.
Afrek í keppnum og útiklifri eru listaðar í skýrslunni en þau voru óvenjumörg í ár. Okkar keppendur færa sig ofar í stigatöflunni hægt og bítandi. Allt í allt var 2025 gott ár og við sjáum að búið er að byggja upp góðan grunn, ekki einungis afreksklifrara heldur klifrara almennt, samfélag sem vonandi heldur áfram að vaxa og dafna.

8. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.
Laufey Rún Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn (fylgiskjal).
Aukning varð í umsvifum Klifursambandsins milli 2024 og 2025. Þetta sést skýrt á rekstrarreikningi með tekjur upp á rúmar 60 milljónir í samanburði við rúmar 43 milljónir árið á undan. Helst felast þessi auknu umsvif í þátttöku í keppnum erlendis.
Við vorum nokkuð hógvær í áætlunum um hversu miklar Lotto tekjur við myndum fá árið 2025 og skýrist hagnaður af því. Klifursambandið hefur verið að stækka og nú er komið að því að safna í sjóð til að geta tekist á við sveiflur og stækkað áfram. Eignir eru um 16.7 milljónir (handbært fé og skammtímakröfur). Kostnaður við keppnis- og æfingaferða jókst úr um 14.5 milljónum í um 16.5 milljónir og skýrst það helst af auknum umsvifum.
Stigakerfi er notað við útreikning Lotto-tekna og þröskuldur um hversu mikið sérsamband má vaxa hvert ár. Við ættum að ná jafnvægi á næstu árum og þá verða auðveldara að spá fyrir um Lotto-tekjur. Styrkir til Klifursambandsins komu meðal annars í gegnum Héraðssambönd. Vert er að nefna að gegnum Afrekssjóð ÍSÍ kemur nýr sjóður ASJ vegna kostnaðar sem ungmenni þurfa að standa undir vegna þátttöku í keppni. Þetta munar miklu fyrir fjölskyldur barna sem keppa á ungmennamótum. Einnnig fengum við styrk fyrir komu bresks sérfræðings sem ráðlagði afreksþjálfurum. Við greiddum aðstöðuleigu vegna afrekshópa en fengum styrk fyrir því á móti. Við höfum náð betri samningum á norræna samstarfsvettvangnum og þannig náð að lækka kostnað við mót erlendis. Liiður um alþjóðamenntun dómara tengist komu Norðurlandadómarans Ole, sem Benedikt minntist á. Ástæða fyrir aukningu í kostnaði við skrifstofu Klifursambandsins er sú að skilgreind vinna á skrifstofunni var 20% en vinnan sem var unnin var meiri að vöxtum en svo og þurfti að skilgreina það rétt. Gerður var samstarfssamningur eða þjónustusamningur við Klifurfélag Reykjavíkur vegna landsliðsþjálfara. Sumt færist milli liða til að aðlaga heiti og samræma við önnur aðildarfélög ÍSÍ.
Það urðu breytingar í kostnaði vegna þátttöku í alþjóðlegum mótum, ekki síst vegna þess að eitt stórmótanna var í Suður-Kóreu í ár. Nú er unnið að því að bæta úr svo sjáist betur sú vinna sem unnin er í tengslum við þann langa lista erlendra móta sem sést í ársskýrslunni.
Við fáum styrk fyrir Ólympíuundirbúning og fengum styrki frá Afrekssviði ÍSÍ tengt því. Ákveðið var að fjárfesta í merktum landsliðsfatnaði til að auka sýnileika og unnið í að fá fleiri styrktaraðila tengt því verkefni. Meiri umsvif hafa verið vegna móta og styrkur frá ÍSÍ sem munar miklu fyrir okkar ungmenni. Rekstur áhalda og tækja gildir fyrir æfingar afrekshóps. Núna erum við með bókara innan okkar raða og ekki greitt fyrir það sérstaklega sem skýrir af hverju sá liður er 0 kr. fyrir árið 2025. Handbært fé er meira en vaxtatekjur minnka á árinu. Þetta er raunin hjá mörgum smærri sérsamböndum ÍSÍ vegna þess að peningarnir færast hratt inn og út af reikningum, dvelja ekki þar og því reiknas ekki vextir. Skoðunarmenn fóru yfir reikningana.

Marínó þakkar Laufeyju fyrir og leggur fram reikninga til samþykktar. Samþykkt einróma.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
Laufey Rún Þorsteinsdóttir kynnti fjárhagsáætlun næsta árs.
Um miðjan desember kom tilkynning um að við erum ekki skilgreind sem afrekssamband heldur verkefnasamband. Við hefðum viljað vita það með góðum fyrirvara og fá upplýsingar strax á fundi sem haldinn var í október þar sem unnið er að áætlunum og skipulagi nýs árs. Þegar fréttirnar um þessa breytingu komu inn á borð Klifursambandsins var því búið að semja við heilbrigðisteymi og birta alla mótadagskrá og draumar um að halda áfram að stækka en það er ekki hægt þegar fjármunir sem gert var ráð fyrir eru ekki til staðar. Því þurfti skyndilega að draga saman seglin. Í fjárhagsáætlun sést yfirlit yfir styrki sem áfram þarf að berjast fyrir að hækki (Ríkisstyrkir)
Laufey bað þinggesti að hvetja fólk í kringum sig til að kaupa Lottó og nýta númer Klifursambandsins. Unnið hefur verið að því að Klifursambandið bóki ferðir frekar en að einstaklingar sjái um það og hefur tekist vel að bóka hagstæðar ferðir fyrir ungmenni. Sérstaklega gekk vel að bóka fyrri hluta árs en vegna stríðsátaka í heiminum er hætt við að ferðakostnaður muni aukast.

Innskot: Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ bendir á að það væri heppilegra að sýna tölur frá í fyrra og jafnvel fyrri árum (oft allt upp í 3 ár aftur í tímann) til hliðar við áætlaðar tölur fyrir árið 2026 til að gefa fundarfólki samanburð.

Brugðið var á það ráð að sýna skjöl hlið við hlið og ábendingunni tekið fyrir næsta ár. Varðandi þátttöku félaga á landsbyggðinni var boðið upp á akstursstyrk og bent á styrki frá héraðssamböndum en engin félög á landsbyggðinni nýttu sér það. Stefnt er að því að senda keppendur á hvort tveggja EM í grjótglímu og línuklifri í ár. Áfram verður leigður salur vegna æfinga ungmenna og fullorðinna en búið er að draga saman verkefni og aðkomu heilbrigðisteymis til að koma til móts við minna fjármagn. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna námskeiða - en það er þjónusta til félaga sem við viljum halda áfram að auka. Hluti námskeiða hefur verið kenndur af starfsmanni Klifursambandsins (skrifstofustarfsmanni og landsliðsþjálfara) en þurfum að fá fleiri með aðkomu að því. Fyrir námskeið hafa komið leiðarsmiðir með styrkjum sem tengjast undirbúningi fyrir ólympíuleika. Verðlaunafé kemur frá okkar styrktaraðilum sem eru afar mikilvægir og við viljum auka við það. Klifursambandið heldur ekki mót heldur sækja félög um styrki til Klifursambandsins og einnig eru rukkuð mótsgjöld og félög taka einnig á sig aukakostnað. Þetta er ekki sjálfsagt og eitthvað sem við erum þakklát fyrir. World Climbing (áður IFSC) samstarf um dómgæslu og námskeið tengd því. Gert er ráð fyrir að sambandið verði rekið með örlitlum halla upp á 1.7 milljónir. Við höfum áætlað fjölda iðkenda varlega og sjáum það síðan þegar félögin skila sínum tölum á árinu.

Willum kveður sér hljóðs til að þakka fyrir og segir mikilvægt í öllum rekstri að hafa fyrirsjáanleika, þau taki það til sín að bæta úr svo því sé sinnt. Til upplýsinga varðandi Ríkisstyrk ÍSÍ - þá var hann settur á 2006 og lítilleg breyting gerð 2009 en hefur ekki breyst síðan - samböndum hefur á sama tíma fjölgað um níu og kröfur aukist. Bara miðað við aukningu þyrfti 100 milljónir og til að halda verðlagi þyrfti 400 milljónir.

Marínó bar upp Fjárhagsáætlun til samþykktar. Samþykkt einróma.

10. Gjaldskrá KÍ borin fram til samþykktar.
Lagt er til að iðkendagjöld verði áfram 2700 kr. per iðkenda innan félaga KÍ. Samþykkt samhljóða.

11. Tillögur um breytingar á lögum og reglum KÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.
Marínó minnir á að lagabreytingar krefjast samþykkis frá ⅔ atkvæðisbærra manna.

Lagabreytingartillögur (sjá fylgiskjal) voru sendar út í aðdraganda fundar og fjalla að mestu um einföldun á orðalagi. Marínó kynnti hvernig umræðum og afgreiðslu yrði háttað: Borin yrði fram ein tillaga í einu til umræðu og afgreiðslu út af fyrir sig.

Fór svo að allar breytingar voru samþykktar einróma:
Breytingar á annarri grein samþykktar einróma, þriðju grein samþykkt einróma, fjórðu grein samþykkt einróma, sjöttu grein samþykkt einróma, sjöundu grein samþykkt einróma, ný áttunda grein (aðrar greinar breyta um númer) samþykkt einróma, breytingar á níundu grein samþykktar einróma, tíundu grein samþykkt einróma, elleftu grein samþykkt einróma, tólftu grein samþykkt einróma með fyrirvara um að laga stafsetningarvillu (Íslandsmót skuli rita með með stóru Í), gömul tólfta grein fellur úr gildi og það samþykkt, breytingar á þrettándu grein samþykktar einróma, ný fjórtánda grein um formannafund samþykkt einróma, breytingar á fimmtándu grein þar sem tekið er fram skýrar um hvernig skuli taka á brotum sem geta komið upp sem viðbrögð við tillögu lögfræðings ÍSÍ var samþykkt einróma, tuttugasta og fyrsta grein samþykkt einróma og loks bráðabirgðaatkvæði sem fellur úr lögum og var það samþykkt einróma.

Fyrirspurn varðandi 11. grein um boðaðan stjórnarfund hvort til séu reglur um boðunartíma, var svarað um að svo er ekki og þykir mikilvægt að geta haldið fund með stuttum fyrirvara. Því eru ekki áform um að breyta því. Var sátt um þetta í salnum..

12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.
Tillaga um Siðareglur Klifursambands Íslands bárust í fundarboði (sjá fylgiskjal).
Engar athugasemdir eða spurningar voru við þessa tillögu sem Benedikt formaður kynnti stuttlega og tillagan samþykkt einróma.

13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.
Tillaga um Afreksstefnu KÍ (sjá fylgiskjöl) var kynnt fyrir félögunum á fundi í desember og markmið voru uppfærð. Þessi stefna var lögð fram til samþykktar og samþykkt einróma.

14. Kosningar í stjórn og nefndir og á þing ÍSÍ
Marínó kynnti framboð jafnóðum og bar upp fyrir þingið til samþykktar. Öll framboð voru samþykkt með lófaklappi.

Framboð í stöðu formanns: Benedikt Ófeigsson

Framboð í stjórn, kosið í tvö sæti
Birkir Fannar Snævarsson
Sara Sturludóttir

Þau eru bæði samþykt einróma

Framboð í varastjórn, kosið í þrjú sæti
Þorgerður Þórólfsdóttir
Björn Baldursson
Svanur Baldursson

Í stjórn Klifursambands Íslands sitja þá
Benedikt Ófeigsson, formaður 2025-2027
Birkir Fannar Snævarrsson 2026-2028
Guðmundur Freyr Arnarsson 2025-2027
Harpa Þórðardóttir 2025-2027
Sara Sturludóttir 2026-2028
Svanur Baldursson (varamaður)
Björn Baldursson (varamaður)
Þorgerður Þórólfsdóttir (varamaður)

Skoðunarmenn reikninga, ekki bárust framboð en Hilmar og Bjarnheiður bjóða sig til þessa hlutverks áfram:
Hilmar Ingimundarson
Bjarnheiður Kristinsdóttir

Þau eru samþykkt einróma

Þá komu framboð í nefndir Klifursambandsins:

- Framboð í Afreksnefnd
    - Benedikt Ófeigsson
    - Guðmundur Freyr Arnarson
    - Elísabet Birgisdóttir
- Framboð í Mótanefnd
    - Benjamin Mokry
    - Örn Árnason
- Framboð í Útiklifurnefnd
    - Vikar Hlynur Þórisson
    - Björgvin Hilmarsson
- Framboð í Fræðslu- og dómaranefnd
    - Jóhann Haraldsson

    - Vikar Hlynur Þórisson
    - Andri Már Ómarsson
- Framboð í Heiðurs- og viðurkenningarnefnd
    - Bjarnheiður Kristinsdóttir
    - Valdimar Björnsson
- Framboð í Útbreiðslunefnd
    - Vikar Hlynur Þórisson
- Framboð í Fjáröflunarnefnd
    - Svanur Baldursson

Þessi framboð voru öll samþykkt einróma án athugasemda.

Stjórn Klifursambandsins óskaði eftir umboði fundar til að skipa áfram í fleiri sæti nefnda ef á þarf að halda. Það er mikil vinna að finna sjálfboðaliða og hnippa í fólk og almennt ekki mikið um framboð. Þessi ósk var samþykkt einróma.

Íþróttaþing ÍSÍ fer ekki fram í ár og því ekki þörf að kjósa fulltrúa að sinni.

Hilmar Ingimundarson leggur til að stofnaður verði 9a-sjóður með hvatningu til að Íslendingur klifri útiklifurleið sem gráðuð er 9a. Hann nefndi að til væru styrktaraðilar að slíkum sjóði. Þessu var vel tekið af gestum Klifurþings.

15. Þingslit
Loks var enn og aftur þakkað fyrir starf sjálfboðaliða og gestum þakkað fyrir þátttöku á þessu fimmta Klifurþingi Klifursambands Íslands.

Fundi var slitið af fundarstjóra kl. 21:20